

Gróður í nágrenni Skúta í Hörgárdal

Hörður Kristinsson

Unnið fyrir Sorpeyðingu Eyjafjarðar

NÍ-99018

Akureyri, nóvember 1999



EFNISYFIRLIT

1 INNGANGUR	3
2 GRÓDURLÝSING	3
2.1 SKÚTAR - HEIÐARHÚS	3
2.2 SKÚTAR - MOLDHAUGAHÁLS	4
3 SJALDGÆFAR TEGUNDIR	5
4 NIÐURSTÖÐUR	6

SKRÁ YFIR TÖFLUR OG MYNDIR

1. mynd. Kort yfir rannsóknasvæðið.	4
2. mynd. Kort sem sýnir útbreiðslu bjöllulilju á Íslandi.	5
1. tafla. Plöntuskrá fyrir rannsóknasvæðið.	7

1 INNGANGUR

Sorpeyðing Eyjafjarðar hefur óskað eftir því við Náttúrufræðistofnun Íslands, Akureyrarsetur, að fram fari gróðurkönnun á ákveðnum svæðum í grennd við Skúta í Hörgárdal, sem nýzt geti fyrir umhverfismat vegna hugsanlegrar nýtingar svæðisins til sorpurðunar.

Vettvangsvinna vegna þessarar könnunar fór fram 27. ágúst 1999 og var unnin af Herði Kristinssyni og Sóley Jónasdóttur, einnig var farin stutt ferð á svæðið 11. nóv. sama ár. Skipta má svæði því sem skoðað var í tvo meginhluta. Í fyrsta lagi dalverpið meðfram Grjótgarðslæk og Heiðarhúsálæk í suðvestur frá Skútum, sem hugsanlegt væri að nýta til sorpurðunar. Hins vegar er eins konar aðflutningssvæði frá Moldhaugahálsi yfir Þórustaðalæk í átt að Skútum (sjá kort bls. 4). Svæði þessi eru bæði tekin fyrir í gróðurlýsingu hér á eftir. Heildarlisti yfir plöntur sem skráðar voru á svæðunum er á bls. 7-9.

2 GRÓÐURLÝSING


2.1 Skútar - Heiðarhús

Aðalsvæðið sem skoðað var, er alllög kvos eða dalverpi meðfram Grjótgarðslæk frá Skútum í norðri upp að Heiðarhúsum í suðri. Það hækkar til suðurs frá Skútum og gryn timer ört eftir að kemur upp fyrir Heiðarhús. Heiðarhúsálækur rennur í norður eftir botni lægðarinnar endilangri og niður á milli bæjanna Skúta og Grjótgarðs, og heitir þar Grjótgarðslækur.

Á meginhluta svæðisins austan Grjótgarðs- og Heiðarhúsálækjar skiptast á fjalldrapamóar og hallamýrarflákar á milli. Mýrarnar eru ekki mjög blautar, með mýrastör eða vetrarkvíðastör, fjalldrapa, bláberjalynghi, língresi, túnvingli og fjalldalafílli. Hér og hvar eru flangir smáhólar eða melhryggir sem ýmist eru stakir eða fáir saman. Víða eru smálækjarsytrur, sumir með mýrarauða og járnbrá. Stærsti lækurinn er Stekkjarlækur sem er skammt sunnan við Skúta. Uppi á hólunum er mela- og þurrlandisgróður, og bollar meðfram þeim eru sumir með nokkrum snjóældablæ, með aðalbláberjalynghi, klukkublómi og maríustakk.

Efst í jaðri svæðisins á austurbakka lækjarins er grænn hól með tóftum, og er þar túnstæði með snarrótarpuntí í kring. Í nágrenni þess verður verulega vart áhrifa mannvista í gróðrinum, meðal annars eru þar háliðagras, vallhumall, hvítmári, hjartarfi, haugarfi og blóðarfi. Þarna var áður bærinn Heiðarhús, sem fór í eyði árið 1935.

Vestan Heiðarhúsálækjar fer land hækkandi upp á bungu eða ás sem hér verður nefndur Heiðarhúsaás, en síðan er nokkuð bratt til vesturs niður af honum og niður að Þjóðvegi nr. 1 inn Hörgárdal. Ásinn er að heita má allur gróinn og nokkuð stórpýfður, og eru fjalldrapamóar með krækilyngi og beitleyngi þar víðáttumesta gróðurlendið. Á þúfunum eru ljósir blettir af skollakræðu (*Alectoria ochroleuca*) áberandi, og einnig er sums staðar nokkuð af grágambra (grámosa, *Racomitrium lanuginosum*). Sunnan til á Heiðarhúsaásnum er nokkuð um fláka á milli með þýfðum mýrum með ríkjandi fjalldrapa ásamt mýrastör, klóffu, og grösum, en mosa í þúfum. Í þessum mýrum er víða töluvert af bjöllulilju. Á milli er nokkuð af blautum flögum með flagagróðri.



1. mynd. Kort yfir rannsóknasvæðið. Gróðurskoðun fór fram á því svæði sem afmarkað er með strikálínum.

Norðar þar sem ásinn ver lækkandi eru nokkur svæði með blautari mýrum með fjalldrapa, vetrarkvíðastör, broki og mýrastör innan um fjalldrapamóana. Í þessum blautari mýrum er ekki bjöllulilja. Að öðru leyti er landið svipað allt niður að túni á Skútum.

Í heildina er meira um mýrar í kvosinni að austanverðu, en fjalldrapamóarnir samfelldari að vestan. Hólarnir sem áður var minnst á eru aðeins að austanverðu.

2.2 Skútar - Moldhaugaháls

Svæði þetta er áberandi mishæðótt, einkum austan til þegar nær dregur Moldhaugahálsi. Þar skiptast á hólur með melkollum í toppi, hlíðarbrekkur með fjalldrapa og lyngi, og mýrarsund eða flóar á milli. Austast við Moldhaugahálsinn, þar sem hólarnir eru krappastir, eru snjóðældabollar utan í þeim með bláberjalyngi, aðalbláberjalyngi, finnungi og maríustakk.


Á melkollum hólanna er mest af holtasóley, krækilyngi og þursaskeggi. Móastör er þar líka hér og hvar, og dvergstör á brekkubrúnum í stöku stað. Áberandi eru einnig ljósar fléttur, einkum skollakræða (*Alectoria ochroleuca*), maríugrös (*Flavocetraria nivalis*) ásamt dökkbrúnni melakræðu (*Cetraria muricata*). Í hlíðunum meðfram hólunum og utan í holtum fyrir ofan við mýrarsundin eru fjalldrapamóar mest áberandi og er nokkurt beitilyng þar innan um fjalldrapann.

Mýrarsundin eru ofurlítið breytileg eftir grunnvatnsstöðu. Á nokkru svæði neðantil en austan við Þórustaðalæk er þýfð fjalldrapamýri með mýrelftingu, hálmgresi, mýrastör, gulvíði, engjarós og ilmreyr. Um þá mýri liggur vatnsveitulögn. Blautasti flóinn er í suðvesturenda svæðisins næst Skútum. Hann er á flatlendi sem þar verður á milli tveggja hjalla eða klettaása. Í honum er vetrarkvíðastör ríkjandi ásamt tjarnastör, en hvítmosapúfur (*Sphagnum*) eru á stangli á milli. Að öðru leyti eru aðeins smámýrasund í lögðum á milli hólanna.

Allt er þetta land verulega mótað af ýmsum framkvæmdum sem hafa verið þarna á svæðinu, og öðrum áhrifum mannsins. Auk þess að vera beitarland eru þarna gamlar malarnámur, að hluta uppgræddar, gamlir vegir og slóðir eru þarna víða um, vatnsveita liggur eftir hluta af svæðinu og meðfram því, og tóftir eru við Þórustaðalæk, leifar af býli sem þar var.

3 SJALDGÆFAR TEGUNDIR

Listi yfir allar tegundir blómplantna og byrkninga sem sást við þessa athugun á Skútnasvæðinu er birtur á bls. 7. Þetta eru samtals um 140 tegundir, og eru nær allar algengar tegundir um allt land, og engin þeirra friðuð né á valista. **Vorperla, birki-fjóla, dvergstör og móastör** eru dæmi um tegundir sem hafa takmarkaða útbreiðslu á landinu, en allar eru þær algengar á Norður- og Austurlandi. Það eina sem gefur svæðinu nokkra sérstöðu er hins vegar **bjöllulilja**, sem jafnframt er langsamlega fágætasta tegund sem hér vex.



2. mynd. Kort yfir útbreiðslu bjöllulilju á Íslandi.

Bjölluliljan er jurt sem eingöngu vex í hálfdeigum mýrum, einkum þar sem er nokkur kjarr- eða lynggróður. Hún er einkum fundin frá Þingeyjarsýslum og austur fyrir norðurhluta Fljótisdalshéraðs (sjá útbreiðslukort). Hún er aðeins fundin á fáum stöðum í Eyjafirði, lítið eitt hefur fundizt af henni á Svalbarðsströnd neðantil í Vaðlaheiði, og við Eyrarlandshálsinn á Akureyri, þar sem hún kom m.a. fram við umhverfismat vegna stækkun sorphauga á Glerárdal. Mest er hins vegar af henni á Moldhaugnahálsi, einkum uppi á háhálsinum töluvert ofar en Skútasvæðið, en einnig fyrir neðan þjóðveg upp af Dagverðareyri og Glæsibæ. Á því svæði sem hér er fjallað um, fannst vottur af henni í mýrlendi á tveim stöðum skammt frá Grjótgarðs- og Heiðarhúsalæk. Allmikið fannst hins vegar af henni í deigum mýrlendismóum uppi á Heiðarhúsaásnum vestan lækjarins. Sá fundarstaður er væntanlega alveg í útjaðri eða vestan þess svæðis sem til greina kemur að nota undir sorpurðun. Ekki var vitað um þennan fundarstað áður, og virðist hann vera á vesturjaðri vaxtarsvæðis bjölluliljunnar hér í Eyjafirði, eftir því sem nú er bezt vitað.

4 NIÐURSTÖÐUR OG VERNDARGILDI.

Eins og gildir víðast á Eyjafjarðarsvæðinu, er það svæði sem hér er fjallað um allt vel gróið. Gróðurinn er um flest nokkuð dæmigerður fyrir svæðið, með svipuðum plöntusamfélögum og finna má víða annars staðar um héraðið. Engar tegundir sem þar fundust eru á válista né friðaðar.

Ein tegund, bjöllulilja, er hins vegar fremur sjaldgæf í Eyjafirði. Moldhaugnahálsinn og Hörgárdalur eru á vesturjaðri útbreiðslusvæðis hennar, sem einkum er í Þingeyjarsýslum. Þótt vottur af þessari tegund fyndist á rannsóknasvæðinu, eru aðalsvæði hennar uppi á Moldhaugnahálsi og uppi á Heiðarhúsaási. Því er tilvist bjölluliljunnar á svæðinu ekki ógnað með væntanlegum framkvæmdum við Skúta, á meðan ekki er farið með framkvæmdir hærra upp í Moldhaugnahálsinn en nú er fyrirhugað, eða upp á Heiðarhúsaásinn.

Það er því mitt mat, að verndargildi rannsóknasvæðisins í heild sé svipað og verndargildi annars fullgróins lands, en uppi á Moldhaugnahálsi og uppi á Heiðarhúsaási eru votlendissvæði sem meta verður einu þrepi ofar, þar sem þau hafa þá eiginleika sem þarf til að fóstta bjölluliljuna.

1. tafla. Listi yfir plöntur skráðar á Skútasvæðinu.

Skýringar á dálkum: 1 Kvosin meðfram Grjótgarðslæk. 2 Heimaland Skúta og túnið.
3 Svæðið frá Skútum að Moldhaugahálsi.

Latneskt heiti	Íslenskt heiti	1	2	3
<i>Achillea millefolium</i>	Vaihlumall	x	x	x
<i>Agrostis capillaris</i>	Hálfngresi	x	x	x
<i>Agrostis stolonifera</i>	Skriðlfngresi	x	x	x
<i>Agrostis vinealis</i>	Týtulíngresi	x		x
<i>Alchemilla alpina</i>	Ljónslappi	x	x	x
<i>Alchemilla vulgaris</i>	Mariustakkur	x	x	x
<i>Alopecurus pratensis</i>	Háliðagras	x	x	
<i>Anthoxanthum odoratum</i>	Ílmreyr	x	x	x
<i>Arenaria norvegica</i>	Skeggsandi	x	x	x
<i>Bartsia alpina</i>	Smjörgras	x	x	x
<i>Betula nana</i>	Fjalldrapi	x	x	x
<i>Bistorta vivipara</i>	Kornsúra	x	x	x
<i>Botrychium lunaria</i>	Tungljurt	x	x	
<i>Calamagrostis stricta</i>	Hálmngresi	x	x	x
<i>Calluna vulgaris</i>	Beitilyng	x	x	x
<i>Caltha palustris</i>	Hófsóley			x
<i>Capsella bursa-pastoris</i>	Hjartarfi	x	x	x
<i>Cardamine nymalii</i>	Hrafnaklukka	x	x	x
<i>Cardaminopsis petraea</i>	Melablóm			x
<i>Carex bigelowii</i>	Stinnastör	x	x	x
<i>Carex capillaris</i>	Hárleggjastör	x	x	x
<i>Carex capitata</i>	Hnappstör			x
<i>Carex chordorrhiza</i>	Vetrarkvíðastör	x	x	x
<i>Carex dioeca</i>	Sérbýlisstör			x
<i>Carex glacialis</i>	Dvergstör			x
<i>Carex microglochin</i>	Broddastör			x
<i>Carex nigra</i>	Mýrastör	x	x	x
<i>Carex norvegica</i>	Fjallastör	x	x	
<i>Carex panicea</i>	Belgjastör			x
<i>Carex rariflora</i>	Hengistör	x	x	x
<i>Carex rostrata</i>	Tjarnastör	x	x	x
<i>Carex rupestris</i>	Móastör			x
<i>Carex vaginata</i>	Slíðrastör	x	x	
<i>Cerastium alpinum</i>	Músareyra	x	x	x
<i>Cerastium fontanum</i>	Vegarfi	x	x	x
<i>Coeloglossum viride</i>	Barnarót			x
<i>Corallorhiza trifida</i>	Kræklurót	x		
<i>Cystopteris fragilis</i>	Tófugras			x
<i>Deschampsia alpina</i>	Fjallapuntur			x
<i>Deschampsia caespitosa</i>	Snarrótarpuntur	x	x	x
<i>Deschampsia flexuosa</i>	Bugðupuntur	x	x	x
<i>Draba incana</i>	Grávorbóm	x	x	x
<i>Draba norvegica</i>	Hagavorbóm			x
<i>Dryas octopetala</i>	Holtasóley	x	x	x
<i>Eleocharis pauciflorus</i>	Fítjaskúfur			x
<i>Empetrum nigrum</i>	Krækilyng	x	x	x
<i>Epilobium alsinifolium</i>	Lindadúnurt	x	x	x
<i>Epilobium hornemanni</i>	Heiðadúnurt			x

Latneskt heiti	Íslenskt heiti	1	2	3
<i>Epilobium latifolium</i>	Fyrarrós			x
<i>Epilobium palustre</i>	Mýradúnurt	x	x	x
<i>Equisetum arvense</i>	Klóelfting	x	x	x
<i>Equisetum palustre</i>	Mýrelfting	x	x	x
<i>Equisetum pratense</i>	Vallelfting	x	x	x
<i>Equisetum variegatum</i>	Beitieski		x	x
<i>Erigeron boreale</i>	Jakobsfífill	x	x	
<i>Eriophorum angustifolium</i>	Klófffa	x	x	x
<i>Eriophorum scheuchzeri</i>	Hrafnaflffa		x	
<i>Erophila verna</i>	Vorperla	x	x	x
<i>Euphrasia frigida</i>	Augnfró		x	x
<i>Festuca richardsonii</i>	Túnvingull	x	x	x
<i>Festuca vivipara</i>	Blávingull	x	x	x
<i>Galium normanii</i>	Hvítmaðra	x	x	x
<i>Galium verum</i>	Gulmaðra	x	x	x
<i>Gentiana nivalis</i>	Dýragras	x	x	x
<i>Gentianella amarella</i>	Grænvöndur	x	x	x
<i>Gentianella campestris</i>	Maríuvöndur		x	
<i>Geum rivale</i>	Fjalldalafífill	x	x	x
<i>Hieracium islandicum</i>	Íslandsfífill		x	
<i>Hieracium spp.</i>	Undafífill	x	x	x
<i>Hippuris vulgaris</i>	Lófótur	x		
<i>Juncus alpinus</i>	Mýrasef	x	x	x
<i>Juncus arcticus</i>	Hrossanál	x	x	x
<i>Juncus articulatus</i>	Laugasef			x
<i>Juncus biglumis</i>	Flagasef	x	x	x
<i>Juncus filiformis</i>	Þráðsef	x	x	x
<i>Juncus trifidus</i>	Móasef	x	x	x
<i>Juncus triglumis</i>	Blómsef	x	x	x
<i>Kobresia myosuroides</i>	Þursaskegg	x	x	x
<i>Koenigia islandica</i>	Naflagras	x	x	x
<i>Leontodon autumnale</i>	Skarífífill	x	x	x
<i>Loiseleuria procumbens</i>	Sauðamergur			x
<i>Luzula multiflora</i>	Valhæra	x	x	x
<i>Luzula spicata</i>	Axhæra	x	x	x
<i>Menyanthes trifoliata</i>	Horblaðka	x	x	x
<i>Mínuartia rubella</i>	Melanóra	x	x	x
<i>Montia fontata</i>	Lækjagrýta	x		
<i>Myosotis arvensis</i>	Gleym-mér-ei		x	x
<i>Nardus stricta</i>	Finnungur	x	x	x
<i>Parnassia palustris</i>	Mýrasóley	x	x	x
<i>Phleum alpinum</i>	Fjallafoxgras	x	x	
<i>Pinguicula vulgaris</i>	Lyfjagras	x	x	x
<i>Platanthera hyperborea</i>	Friggjargras		x	x
<i>Poa alpina</i>	Fjallasveifgras	x	x	x
<i>Poa annua</i>	Varpasveifgras	x	x	x
<i>Poa glauca</i>	Blásveifgras	x	x	x
<i>Poa pratensis</i>	Vallarsveifgras		x	x
<i>Polygonum aviculare</i>	Blóðarfí	x		x
<i>Potentilla crantzii</i>	Gullmura	x	x	x
<i>Potentilla palustris</i>	Engjarós	x	x	x
<i>Pyrola grandiflora</i>	Bjöllulilja	x	x	x
<i>Pyrola minor</i>	Klukkublóm		x	x

Latneskt heiti	Íslenzkt heiti	1	2	3
<i>Ranunculus acris</i>	Brennisóley	x	x	x
<i>Ranunculus hyperboreus</i>	Treljasóley	x		
<i>Ranunculus reptans</i>	Flagasóley			x
<i>Rhinanthus minor</i>	Lokasjóður	x	x	x
<i>Rubus saxatilis</i>	Hrútaberjalyng		x	
<i>Rumex acetosa</i>	Túnsúra	x	x	x
<i>Sagina nodosa</i>	Hnúskakrækill	x	x	x
<i>Sagina procumbens</i>	Skammkrækill			x
<i>Sagina saginoides</i>	Langkrækill	x	x	
<i>Salix arctica</i>	Fjallavíðir	x	x	x
<i>Salix herbacea</i>	Grasvíðir		x	x
<i>Salix lanata</i>	Loðvíðir	x	x	x
<i>Salix phylicifolia</i>	Gulvíðir	x	x	x
<i>Saxifraga caespitosa</i>	Þúfusteinbrjótur		x	
<i>Saxifraga oppositifolia</i>	Vetrarblóm			x
<i>Saxifraga stellaris</i>	Stjörnusteinbrjótur		x	
<i>Sedum acre</i>	Helluhnoðri	x	x	x
<i>Sedum villosum</i>	Flagahnoðri	x	x	x
<i>Selaginella selaginoides</i>	Mosajafni	x	x	x
<i>Sibbaldia procumbens</i>	Fjallasmári		x	
<i>Silene acaulis</i>	Lambgras	x	x	x
<i>Stellaria graminea</i>	Akurarfi		x	
<i>Stellaria media</i>	Haugarfi	x	x	x
<i>Taraxacum spp.</i>	Túnfífill	x	x	x
<i>Thalictrum alpinum</i>	Brjóstagras	x	x	x
<i>Thymus praecox ssp. arcticus</i>	Blóðberg	x	x	x
<i>Tofieldia pusilla</i>	Sýki gras	x	x	x
<i>Trifolium repens</i>	Hvítsmári	x	x	x
<i>Triglochin palustre</i>	Mýrasauðlaukur	x	x	x
<i>Trisetum spicatum</i>	Lógresi	x	x	x
<i>Vaccinium myrtillus</i>	Aðalbláberjalyng		x	x
<i>Vaccinium uliginosum</i>	Bláberjalyng	x	x	x
<i>Veronica alpina</i>	Fjalladepla		x	
<i>Veronica scutellata</i>	Skriðdepla	x		x
<i>Veronica serpyllifolia</i>	Lækjadepla	x	x	x
<i>Viola epipsila</i>	Birkifjóla		x	x
<i>Viola palustris</i>	Mýrfjóla	x	x	x